

***Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um jafnréttisúttekt á hverfisíþróttafélögum***

Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð leggur til að á árinu 2021 fari fram jafnréttisúttekt á Íþróttafélagi Reykjavíkur, Knattspyrnufélaginu Fram og Knattspyrnufélaginu Víkingi.

Jafnréttisúttekt var gerð á eftirtöldum hverfisíþróttafélögum á árinu 2016, Ungmennafélaginu Fjölni, Knattspyrnufélaginu Þrótti og Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Á árinu 2020 fór síðan fram samkonar úttekt á Glímufélaginu Ármann, Íþróttafélaginu Fylki og Knattspyrnufélaginu Val. Ráðið telur mikilvægt að ljúka jafnréttisúttekt á öllum hverfisíþróttafélum í Reykjavík og meðal þess sem kannað verði er hvort þau séu með virkar jafnréttisáætlanir og siðareglur, kynjahlutfall iðkenda og hvernig fjármagn félagsins skiptist á milli kynjanna. Jafnframt verði skoðuð þátttaka þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til í starfi félaganna. Skoðað verði hversu aðgengilegar jafnréttisáætlanirnar séu og hvernig eða hvort þær eru kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og foreldrum iðkenda í yngri aldurshópum.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er falið að vinna úttektina.